Til: Gunnlaugur Róbertsson <gunnlaugur@hornafjordur.is>
Efni: Re: 201709511 - Lagning ljósleðara í Hornafirði
Upplýsingar: Sent: 24.09.2018 18:18:46 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018080021, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

---

Tilvísun í mál: 2018080021

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 27. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn um lagningu ljósleiðara í Nesjum og á Mýrum, að Skálafelli að vestanverðu og að Hafnarnesi og Horni að austanverðu. Beðist er velvirðingar á hversu seint erindinu er svarað.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir meðfylgjandi teikningar af lagningu ljósleiðarakerfisins og í flestum tilfellum er vegum og heimreiðum fylgt og því lítil hætta á að rask verði á svæðum sem eru ekki fyrir á mannvirkjabelti. Þó eru staðir sem mætti íhuga að breyta til, ef hætta er á varanlegu raski, og má t.d. nefna, á Mýrum, að leggja ljósleiðara frá þjóðvegi að Einholti í stað þess að fara frá Nípugörðum. Að austanverðu virðist ljósleiðarakerfið nánast að öllu leiti fylgja vegum og slóðum eða fara yfir svæði þar sem ekki er hætta á varanlegu raski s.s. eins og þar sem farið er yfir farveg Hornafjarðarfljóts.

Náttúrufræðistofnun gerir því ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

From: Gunnlaugur Róbertsson <gunnlaugur@hornafjordur.is>
Date: 08/29/2018 10:48:10 AM
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Subject: 201709511 - Lagning ljósleðara í Hornafirði
---

Til þess er málið varðar,

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur áform um að hefja vinnu við lagningu ljósleiðara í sýslunni. Hjálagt er beiðni um umsögn vegna framkvæmdarinnar.

Kveðja,
Gunnlaugur Róbertsson

*-*-*-

470 8000
*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*-*

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 5. Mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar.
Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed. Any review, disclosure, dissemination or other use of, or taking of any action in reliance upon, this information by others than the intended recipient is prohibited by law. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the message.